

Borgarráð 3. febrúar 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lóðaleigusamninga Reykjavíkurborgar MSS22020058

Nýlega voru gerðir samningar við olúfélögin þrjú um byggingarrétt á bensínsstöðvum fyrir milljarða króna. Var það gert óháð því hvort viðkomandi bensínstöð væri með útrunninn lóðarleigusamning eða hvort langur leigutími væri eftir. Á sama tíma hefur Malbikunarstöðinni Höfða verið gert að skila atvinnulóð sinni í Reykjavík án endurgjalds og þurft auk þess að skila fasteignum sínum til borgarinnar án endurgjalds. Hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með gildan lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg? Þá er enn fremur óskað eftir upplýsingum um hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg sem er útrunninn? Að endingu er óskað eftir hversu margar fasteignir í Reykjavík eru með engan lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg?